Nd. **170. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi (þingskjal 163).

Frá nefndinni.

Aftan við orðin »Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi« bætist »hinu forna« á hvorum staðnum fyrir sig.

Fyrir orðin: »þeir skulu kosnir . . . kosninguna, komi: »konungur skipar vígslabiskupa eftir tillögu prestastéttarinnar«.

Fyrir orðin: Til vígslukosnaðar . . . í forföllum biskups, komi: »vígslukostnaður, þegar þeir vígjast, svo og endurgjald fyrir önnur embættisverk í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði samkvæmt reikningi.